



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Meistarataktar

29. janúar 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Ymur: 11'30"

Hnit: 10'00"

Niður: 20'00"

Lupus Chorea: 17'00"

Fiðlukonsert: 20'00"

Tónleikar kvöldsins eru upphafstónleikar Myrkra músíkdaga.

MYRKIR
MÚSÍKDAGAR

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Meistarataktar

Tónleikar í Eldborg 29. janúar 2015 » 19:30

Petri Sakari hljómsveitarstjóri
Hávarður Tryggvason einleikari
Sigrún Eðvaldsdóttir einleikari

Þorkell Sigurbjörnsson	<i>Ymur (1969)</i>
Leifur Þórarinnsson	<i>Hnit (1991)</i> (frumflutningur)
Þorkell Sigurbjörnsson	<i>Niður, konsert fyrir kontrabassa (1974)</i>

Hlé

Hilmar Þórðarson	<i>Lupus Chorea (2006-2012)</i> (frumflutningur)
Leifur Þórarinnsson	<i>Fíðlukonsert (1969)</i>

Petri Sakari

hljónsveitarstjóri



Petri Sakari stjórnaði Sinfóníuhljónsveit Íslands í fyrsta sinn í október árið 1986 og mörkuðu þeir tónleikar upphaf gifturíks sambands hans við hljónsveitina, landið sjálft og íslenskt tónlistarlíf. Árið 1988 tók hann við stöðu aðalhljónsveitarstjóra og gegndi henni til 1993 og síðan aftur á árunum 1996 til 1998 en í millitíðinni var hann aðalgeststjórnandi hljónsveitarinnar. Á þessu hartnær 30 ára tímabili hefur Petri Sakari stjórnað hljónsveitinni á riflega 160 tónleikum í Reykjavík og víðsvegar um landið en einnig í Helsinki og nokkrum öðrum borgum Finnlands, í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Þá var hann við stjórnvölinn í ferð hljónsveitarinnar til Grænlands árið 1997. Fjölmargir geisladiskar Sinfóníuhljónsveitarinnar hjá Chandos og Naxos-útgáfunum undir stjórn Sakaris vöktu mikla athygli og öfluðu hljónsveitinni vinsælda og virðingar.

Petri Sakari hóf fiðlunám átta ára gamall og innritaðist ári síðar til náms við tónlistarháskólann í Tampere, þar sem píanó og óbó bættust við hljóðfæragreinarnar.

Hann hóf hljónsveitarstjóraferil sinn aðeins sautján ára að aldri og stjórnadi á námsárum sínum meðal annars Sinfóníuhljónsveit Tampere-tónlistarháskólans og óperusýningum í Sibeliusarakademíunni þar sem aðalkennari hans var Jorma Panula. Frá árinu 1983 hefur hann stjórnad öllum helstu hljónsveitum Finnlands, svo sem Finnsku útvarpshljónsveitinni og Lahti-sinfóníunni. Hann var aðalstjórnandi Lohja-sinfóníunnar í Finnlandi 1993-1996, aðalgeststjórnandi Sænsku kammersveitarinnar 1995-1997 og einnig aðalstjórnandi Sinfóníuhljónsveitarinnar í Gävle í Svíþjóð. Þá var hann aðalhljónsveitarstjóri Filharmóníuhljónsveitarinnar í Turku í Finnlandi til ársins 2012.

Petri Sakari hefur frá upphafi lagt mikla rækt við íslenska tónlist, stjórnad flutningi fjölda verka, frumflutt mörg þeirra og gert sér far um að kynna og flytja íslenska tónlist erlendis.

Sigrún Eðvaldsdóttir

einleikari



Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám 5 ára gömul hjá Gígyu Jóhannsdóttur en lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og útskrifaðist með bakkalárgráðu frá Curtis tónlistarháskólanum í Philadelphiu 1988.

Sigrún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna; varð í öðru sæti í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, hlaut bronsverðlaun í Sibeliusar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Brøste. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henry Roth: Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century.

Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníu-hljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni. Hún hefur komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum m.a. Marlboro-tónlistarhátíðinni í Vermont, L'Emperi hátíðinni í Aix en Provence, Kuhmo-hátíðinni í Finnlandi og Sangat-hátíðinni í Bombay á Indlandi og síðast Reykjavík Midsummer Music þar sem listrænn stjórnandi er Víkingur Heiðar Ólafsson.

Sigrún var stofnmeðlimur Miami strengjakvartettsins 1988 og hefur haldið tónleika víða um heim m.a. í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London. Þá fór hún í tónleikaferðalag til Kína árið 2011.

Á síðastliðnu ári lék hún reglulega sem konsertmeistari hjá Konunglegu dönsku óperunni sem veitti henni mikla ánægju og í október síðastliðnum lék hún fiðlukonsertinn eftir Sibelius á Norrænni tónlistarhátíð ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Winnipeg í Kanada.

Árið 1998 var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.

Hávarður Tryggvason

einleikari



Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari stundaði nám við Tónskóla Sigursveins en hélt árið 1983 til framhaldsnáms við Tónlistarháskólann í París þar sem aðalkennari hans var J. M. Rollez. Árið 1986 útskrifaðist hann þaðan með fyrstu einkunn og lauk tveimur árum síðar einnig námi frá einleiksdeild skólans. Samhliða náminu lék hann í atvinnuhljómsveit Tónlistarháskólans í París.

Hávarður fluttist til Belgíu árið 1989 og hóf störf með Konunglegu flæmsku óperuhljómsveitinni í Antwerpen. Jafnframt stundaði hann framhaldsnám við tónlistarháskólann þar í borg hjá Etienne Siebens. Árið 1995, eftir 12 ára dvöl erlendis, fluttist Hávarður aftur til Íslands og tók við stöðu leiðandi kontrabassaleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hann gegnir enn í dag. Jafnframt kennir hann við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann hefur komið fram sem einleikari og verið virkur í flutningi kammertónlistar hér heima og erlendis, m.a. með Caput, Kammersveit Reykjavíkur, Reykjavík Midsummer Music og Salon Islandus.

Hávarður hefur frumflutt allnokkur verk eftir íslensk tónskáld, þar á meðal Konsert fyrir kontrabassa og kammersveit eftir Snorra Sigfús Birgisson og Concertino eftir Þórð Magnússon með Caput hópnum, einleiksverkið Cono di Fede eftir Atla Ingólfsson, Dúel eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson, Secret Psalms eftir Úlfar Inga Haraldsson og Ekki hér, allsstaðar eftir Þórólf Eiríksson en þrjú síðastnefndu verkin eru öll fyrir kontrabassa og rafhljóð.

Sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur Hávarður leikið verk eftir Bottesini og Lars Erik Larsson að ógleymdu verki Hauks Tómassonar *Skíma* fyrir tvo kontrabassa sem hann lék með hljómsveitinni ásamt Vali Pálssyni og var gefinn út af BIS-útgáfunni.

Porkell Sigurbjörnsson

Ymur



Þorkell Sigurbjörnsson (1938–2013) nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðan til framhaldsnáms í Bandaríkjunum þar sem tónsmíðar urðu hans aðalnámsgrein. Stundaði hann nám við tónlistardeildir Hameline-háskólans í Minnesota og Illinois-háskóla í Champaign-Urbana. Auk þess sótti hann námskeið í tónsmíðum í Darmstadt í Þýskalandi og Nice í Frakklandi.

Þorkell var eitt af höfuðtónskáldum okkar á 20. öldinni. Tónverkaskrá hans er fjölbreytt og tilkomumikil en hún inniheldur hljómsveitarverk, einleikskonserta, kammertónlist, óperur og sönglög auk fjölda annarra tónverka. Þorkell var einnig mikilsvirtur kennari, tónlistargagnrýnandi og dagskrárgerðarmaður. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Hameline-háskólann árið 1999 og var meðlimur Konunglegu sænsku akademíunnar.

Tónverk Þorkels *Ymur* var frumflutt á tónleikum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands þann 14. maí 1970. Í efnisskrá tónleikanna er eftirfarandi haft eftir tónskáldinu:

„Heitið *Ymur* hefur, svo sem kunnugt er ýmsar merkingar, misfagarar. Verkið er samið í júní og ágúst síðastliðnum. Hljóðfæraval S.Í. var haft í huga, þar eð hún hefur nú í tvo áratugi glímt við að flytja landsmönnum ýmis konar ym. Það hafa sumir kallað „sinfóníugaul“ og „væl“ með umburðarlausum áherslum og ekki viljað njóta.

Umburðarlyndi þarf vissulega til að hlýða á ym annarra. Þegar „*Ymur*“ minn var í smíðum, var honum t.d. hvatning að hlýða á söngva og dansa Navajo indíána syðst í Colorado. Eyrnum varð af eftirminnileg skemmtun að loka sig ekki frá „gólinu“ í körlunum þeim.

„*Ymur*“ er tileinkaður S.Í. og stjórnanda hennar Bohdan Wodiczko.“

Leifur Þórarinsson

Hnit



Leifur Þórarinsson (1934–1998) fæddist í Reykjavík og ólst upp á menningarheimili þar sem kammertónlist var iðkuð reglulega. Sjálfur lærði hann ungur að spila á fiðlu og innritaðist í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hann auk fiðlunáms lagði stund á píanóleik, hljómfræði, kontrapunkt og tónsmíðar en meðfram náminu lék hann á fiðlu með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Haustið 1954 hélt hann til meginlands Evrópu og lærði næstu árin tónsmíðar í Vínarborg, München og París en árið 1959 hélt hann til frekara náms í New York og dvaldi þar með hléum til ársins 1965. Leifur bjó síðan í Kaupmannahöfn fyrstu sex ár áttunda áratugarins en síðan á Ísafirði og Akureyri áður en hann flutti til Reykjavíkur árið 1979.

Leifur var áberandi í íslensku tónlistarlífi. Hann var margbrotinn persónuleiki, skapmikill en um leið mikið ljúfmenni. Líkt og Þorkell miðlaði hann af þekkingu sinni, var afbragðs útvarpsmaður og gagnrýnandi. Á verkalista hans eru m.a. hljómsveitarverk, tvær sinfóníur, einleikskonsertar og einsöngsverk með stórum og litlum hljómsveitum, verk fyrir kammersveit, minni kammerhópa og söngverk af ýmsum toga.

Hljómsveitarverkið *Hnit* (1991) er eitt af mörgum en um leið mjög ólíkum tónverkum sem Leifur skrifaði á síðustu æviárum sínum eða frá 1988 til 1997. Auk *Hnits* skrifaði hann þrjú önnur hljómsveitarverk á þessum tíma, *För*, *Mót* og Sinfóníu nr. 2 en einnig konsertinn *Styr* fyrir píanó og kammerhljómsveit, kammerkonsertinn *Á Cypros*, kórverkið *Maríumúsik*, *Serena* fyrir fiðlu og hörpu og einleiksverkin *Sónata með Da-fantasíu* fyrir sembal og *Preludio*, *intermezzo*, *finale* fyrir píanó.

Eftir frumflutning Sinfóníu nr. 2 árið 1997, hélt Leifur áfram að vinna við óperu sína *Maríuglerið* sem hann sagði vera gamanóperu sem fjalli um líf hans sjálfs, en honum entist ekki aldur til að ljúka því verki.



Þorkell Sigurbjörnsson

Niður, konsert fyrir kontrabassa

Kontrabassakonsertinn *Niður* var frumfluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói 17. apríl árið 1975. Einleikari var Árni Egilsson en Vladimir Ashkenazy stjórnaði flutningnum. Um verkið ritaði tónskáldið í tónleikaskrána:

„Fyrir hálfu öðru ári hringdi einn mesti bassavirtúós, Árni Egilsson, í mig frá New York og sagðist vanta bassakonsert frá minni hendi. Ég varð auðvitað svo skjálfhentur lengi á eftir, að nótur komust ekki almennilega á blað fyrr en sl. sumar. Síðan hafa bæði hann og stjórnandinn sýnt þessu hugarfóstri svo mikla velvild, að mér er ljúft að þakka þeim fyrir hér á prenti. Verkið er nánast ein samfella með greinilegum atriðaskiptum.“

Um konsertinn segir Árni Egilsson:

„Þorkell Sigurbjörnsson samdi „*Niður*“ fyrir tilstilli Vladimirs Ashkenazy og André Previn 1975. Verkið var tileinkað mér og frumflutti ég það sama ár með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Ashkenazys og var það hljóðritað og seinna sett á geisladisk (NIDUR). Ég lék verkið aftur í Avignon í Frakklandi árið 1991 að mig minnir. Geisladiskurinn var mjög mikið spilaður í útvarpi um víða veröld, fékk aldeilis frábæra dóma víðsvegar um heim og var meðal annars partur af fyrstu verðlaunum í fyrstu Koussevitsky alþjóðlegu kontrabassakeppninni í Moskvu. Ég gerði töluverðar breytingar á verkinu í samráði við Þorkel, meðal annars á kadensunni. Nafn verksins, *Niður*, er eiginlega orðaleikur eins og í „fyrir neðan“ eða „niður, eins og í vatnsfalli.“

Við Þorkell erum á líkum aldri. Ég held að hann hafi verið árinu eldri en ég en við þekktumst lítilliga. Hann er einn skemmtilegasti maður sem ég hef hitt á lífsleiðinni. Við urðum góðir vinir og fyrir það er ég ævinlega þakklátur.“

Þess skal getið að tónskáldið gerir ráð fyrir að einleiks-hljóðfærið sé magnað upp við flutning verksins.

Tónlistin á Íslandi

Tónverk eftir Þorkell Sigurbjörnsson
heyrdist fyrst á tónleikum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1962
en það var Flókt sem Þorkell samdi sama
ár. Síðan þá hefur hljómsveitin leikið
u.þ.b. 50 verk Þorkels í hljóðritunum og á
tónleikum hér heima og erlendis. Síðast
heyrdist 2. kafli úr flautukonsertinum
Kólumbína sem Stefán Ragnar
Höskuldsson lék með hljómsveitinni
undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Þar
á undan hljómaði hljómsveitarverkið
Velkomin Harpa sem Þorkell samdi fyrir
opnunartónleika Hörpu 5. maí 2011 og
Sinfóníuhljómsveitin flutti undir stjórn
Ashkenazys.

Hilmar Þórðarson

Lupus Chorea



Hilmar Þórðarson (f. 1960) útskrifaðist frá tónsmíðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík árið 1985 og hélt skömmu síðar til Bandaríkjanna þar sem hann lauk meistaraþrófum í tónsmíðum frá California Institute of the Arts árið 1989 og Yale tónlistarháskólanum 1991. Að loknu námi hélt Hilmar til Stanford háskóla þar sem hann var gestafræðimaður 1991–1992 og í kjölfarið gestatónskáld við hljóðver tónlistarháskólans í Berkeley í Kaliforníu til þriggja ára.

Á þeim tíma gafst honum gott tækifæri til þess að læra og gera tilraunir með alls konar aðferðir tölvutækni til tónsmíða og tónlistarflutnings. Árangur þessara tilrauna kemur vel fram í verki hans *Verur frá landi ísa*, gagnvirku margmiðlunarverki byggðu á þjóðsögunum um íslensku jólasveinana. Verkið er samið fyrir bandarísk-japanska dansflokkinn Harupin Ha og var sýnt víðsvegar um Kaliforníu og Frakkland. Gagnvirkt margmiðlunarverk er fjöllistaverk þar sem unnið er með fleiri listmiðla en einn, þ.e. tónlist, danslist og myndbandalist þar sem listformin bregðast við skilaboðum hvert frá öðru. Þannig er það í þessu verki þar sem dansararnir auk þess að dansa, stýra hljóði sem og myndbandi með hreyfingum sínum.

Árið 1995 flutti Hilmar aftur heim til Íslands og sama ár stofnaði hann ásamt Ríkharði H. Friðrikssyni tónskáldi Tónver Tónlistarskóla Kópavogs þar sem nemendum var í fyrsta sinn gert kleift að stunda tölvutónlist sem aðalgrein. Það varð snemma mjög vinsælt og komast jafnan færri nemendur að en vilja.

Árið 2000 hélt Tónverið stóra alþjóðlega raf- og tölvutónlistarhátíð sem hlaut nafnið ART2000 þar sem tónskáld, fyrirlesarar og tónlistarmenn hvaðanæva úr heiminum sáu um 11 daga samfellda tölvutónlistardagskrá. Hátíðin vakti mikla athygli og sérstaklega þótti setningarathöfnin mikilfengleg en þar var flutt tónverk fyrir flugeldasýningu og rafhljóð. ART2000 hlaut menningarverðlaun Dagblaðsins árið 2000.

Hilmar er einnig stofnandi Raflost-raflistahátíðarinnar sem haldin hefur verið árlega frá árinu 2007. Þá tók hann þátt í stofnun Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands og veitti nýmiðlahluta deildarinnar forstöðu um árabíl.

Hilmar var einn fulltrúa Íslands á Norrænum músíkdögum í Helsinki haustið 2013 og í fyrra voru nokkur verk Hilmars frumflutt á Norðurlöndunum. Þar á meðal slagverkskonsertinn *Arctic Circles* og verkið *Daggry* (Dögun) sem voru flutt á samtíðartónlistarhátíðinni *Iljos Festival* í Harstad og hljóð- og vídeóverkið *Hljóðs bið ek* sem tónlistarhópurinn AJO ensemble, sem sérhæfðir sig í flutningi nútímaverka, flutti á tónleikum í Reykjavík, Stokkhólmi og í Bodö.

Í verki sínu *Lupus Chorea*, sem frumflutt verður á tónleikunum, leitar Hilmar að mörgu leyti til fortíðar sinnar því hann leikur sér hér eingöngu með hljóðheim hljómsveitarinnar án stuðnings rafrænnar tækni. Þess í stað nýtir hann reynslu og þekkingu sína af rafrænum hljóðheimi til að framkalla síbreytileg litróf tóna og hljóðmassa.

Lupus Chorea er þéttofið og ágegn verk með sterkum andstæðum í hljóðmyndinni. Verkið er eins og langur samfelldur dans með ákveðnum ritmískum mynstrum og stuttum hálfgegnsæjum lagrænum frösom sem birtast og hverfa gegnum síbreytilegan hljómvegg hljómsveitarinnar.

Lupus Chorea er fyrsta verk Hilmars Þórðarsonar sem hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Leifur Þórarinnsson

Fiðlukonsert



Um *Fiðlukonsert* sinn segir Leifur Þórarinnsson:

„Fiðlukonsertinn var saminn síðastliðinn vetur (1969). Áður hafði ég raunar gert ýmsar tilraunir til fiðlukonserts og komust sumar þeirra jafnvel á hreinritunarstigið þó ekki væri við þær lokið að fullu. Þessi konsert sem nú heyrst er samt ekki í neinum tengslum við þær tilraunir, í það minnsta ekki efnislega. Hann er allflókinn að gerð og má vera að nokkuð erfitt sé að fylgja þróun aðalefnisþráða hans, því að þeir eru brotnir upp í sífellu og taka miklum breytingum og þeim allsnöggum á stundum. Þó mun leikur einleiksfíðlunnar verða áheyrandanum til mikillar hjálpar því að í honum felast helstu lyklar verksins. Sem heild er konsertinum skipt í þrjá aðskilda hluta. Tengjast þeir greinilega saman með frumstefjum sem alls staðar skjóta upp kollinum. Eitt þeirra er líklega mest áberandi þótt ekki innihaldi það nema þrjá tóna og heyrst það fyrst í einleiksfíðlunni. Er það þegar í upphafi og eru leiknir þar á G-streng tónarnir D, A, H, sem sé fallandi ferund og stígandi stór tvíund. Þetta frumstef bregður sér í alls konar myndir og tengist öðrum í sífellu svo úr verða stærri heildir. Þannig mætti rekja teknískan gang verksins í smáatriðum en það hefur ekkert gildi fyrir einn eða annan. Það sem máli skiptir er heildaráhrifin, hvort þau koma til skila því drama átaka einstaklings og umhverfis, sem var og er hinn raunverulegi tilgangur verksins.“

Fiðlukonsert Leifs

Sigrún Eðvaldsdóttir lék fiðlukonsert Leifs Þórarinnssonar með BBC

hljómsveitinni í Glasgow árið 1992.

Það er örugglega eitt fárra dæma um að hljómsveitartónlist Leifs hafi hljómað utan landsteinanna.

Leifur var viðstaddur og gríðarlega ánægður með flutninginn. (Úr B.A. ritgerð Kolbeins Bjarnasonar frá árinu 2010 „Tónlist Leifs Þórarinnssonar 1934–1998“).

Einar Grétar Sveinbjörnsson frumflutti Fiðlukonsert Leifs ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1970. Stjórnandi var Bodhan Wodiczko. Sex árum síðar stjórnaði Karsten Andersen flutningi verksins með sömu flytjendum á Norrænum músíkdögum og síðar í upptöku sem gefin var út á plötu. Sigrún Eðvaldsdóttir hljóðritaði síðan konsertinn ásamt Sinfóníuhljómsveitinni og Paul Schuyler Phillips árið 1998 og kom hann út á geisladiskinum För sem auk konsertsins inniheldur Sinfóníu nr. 2 sem Petri Sakari stjórnar.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Fim. 5. feb. » 19:30



Osmo Vänskä, aðalgestastjórnandi S.Í., hlaut Grammy-verðlaunin 2014 ásamt Minnesota hljómsveitinni fyrir hljóm-disk með 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar og nú gefst aðdáendum Osmos tækifæri til að hlýða á túlkun hans á 3. sinfóníunni í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þriðja sinfónía Bruckners er gjarnan kölluð Wagner-sinfónían en Bruckner var mikill aðdáandi óperutónskáldsins og tileinkaði honum hljómkviðuna. Tónleikarnir eru hluti af Sibeliusar-þríleiknum þar sem 150 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins.

Jean Sibelius
Anton Bruckner

Sinfónía nr. 3
Sinfónía nr. 3

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri



Beethoven og Stravinskíj

Fim. 19. feb. » 19:30

Pekka Kuusisto varð fyrstur Finna til að hljóta fyrstu verðlaun í Sibeliusar-fiðlukeppninni árið 1995 og síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga. Santtu-Matias Rouvali er aðeins 28 ára gamall en stjarna hans hefur risið með ógnarhraða síðustu ár og hefur hann hlotið feykigóðar viðtökur fyrir líflega túlkun sína. Hann tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Fílharmóníunnar í Tampere og sem aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn.

Ludwig van Beethoven *Leónóra* *Forleikur nr. 2*
Ígor Stravinskíj *Fíðlukonsert*
Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 2*



Santtu-Matias Rouvali hljómsveitarstjóri
Pekka Kuusisto einleikari

Hljómsveit á tónleikum

29. janúar 2015

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Andrzej Kleina
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Martin Frewer
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Laufey Jensdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ/ CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Eggert Pálsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Eivør í Norðurljósum

Mið. 25. feb. » 20:00

Fim. 26. feb. » 20:00

Með framúrskarandi og seiðandi sviðsframkomu hefur söngkonan og lagasmiðurinn Eivør Pálsdóttir sungið sig inn í hug og hjörtu Íslendinga. Nú sameina Eivør, hljómsveit hennar og Sinfóníuhljómsveit Íslands krafta sína í Norðurljósum í Hörpu og flytja lög

Tryggið ykkur miða

Eivorar sem mörg hver má heyra á nýjustu plötu hennar, *Room*. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

Tryggið ykkur sæti á Eivöru og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Aðalstyrktarabill:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfo14

REYKJAVÍK
16. — 17. APRÍL 2015

Allt sem tónlist getur verið

Tectonics Reykjavík hátíðin fer fram í Hörpu í fjórða sinn 16. og 17. apríl næstkomandi. Meðal gesta hátíðarinnar í ár eru Tony Conrad, Robyn Schulkowsky, Alvin Curran, Stephen O'Malley, Jon Rose og Joel Stern.

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur verk eftir íslensku tónskáldin Áka Ásgeirsson, Kristínu Þóru Haraldsdóttur, Hlyn Aðils Vilmarsson og Úlf Hansson auk þess sem flutt verður nýtt verk eftir myndlistarmanninn Magnús Pálsson, unnið í samstarfi við Þráin Hjálmarsson. Einnig munu Anna Þorvaldsdóttir og Bergrún Snæbjörnsdóttir flytja eigið efni á hátíðinni. Þetta og fleira til verður í boði á Tectonics 2015.

TECTONICS
Tónlistarhátíð

Listrænn stjórnandi ILAN VOLKOV

Miðar fáanlegir
WWW.SINFONIA.IS
WWW.HARPA.IS



Reykjavíkurborg